

DEILISKIPULAG HESTHÚSAHVERFIS Í BÚÐARDAL

1. MARKMIÐ

Með þessu nýja deiliskipulagi fyrir hesthúsabyggð hefur eldri aðstað hestamanna verið endurskoðuð og aðlöguð nýrri og aukinni aðstöðu til sýningahalds og keppni á svæðinu. Steft er að því að endurskilgreina athafnasvæði hestamanna er og tekið tillit til þeirrar uppbyggingar sem er fyrirsjánleg. Það er í samræmi við drög að aðalskipulagi Dalabyggðar 2004 - 2016. Landnotkun á svæðinu er skilgreind sem opið svæði til sérstakra nota sbr. skipulagsreglugerð nr. 400/1998, 4. kafli grein nr.12.1 og 12.2.

2. AÐSTÆÐUR

Núverandi hesthúsabyggð stendur á hæð sunnan við byggðina í Búðardal. Þar hafa verið byggð 5 hesthús og fylgir gerði hverju þeirra. Aðkomuleið er frá þjóðvegi nr. 60 Vesturbratt að hesthúsabyggð. Reiðleiðir frá hverfinu eru góðar m.a. til norðurs utan byggðar og til suðurs að Laxá. Á eyrunum við Laxá rétt austan við brú er gamalt keppnissvæði hestamanna sem nú hefur verið lagt niður. Á túnun norðan við hesthúsahverfið, að byggð, er gert ráð fyrir 9 holu golfvelli.

3. LANDSLAGI OG NÁTTÚRUFAR.

Landið sem hesthúsabyggðin stendur á er klapparholt sem er þakið jökulleir. Háholtið er lítt gróið en láglendi þar sem skeiðvöllurinn mun rísa er gamall mýrarjaðar sem hefur verið ræstur fram, hann er allur gróinn upp að holtinu.

4. LÝSING Á DEILISKIPULAGI

4.1 HESTHÚS OG REIÐHÖLL. Gert er ráð fyrir 5 nýjum byggingarreitum fyrir hesthús með gerði. Valinn er staður fyrir reiðhöll á hæðarbrúnni vestan við núverandi hesthúsabyggð með miklu útsýni. Í reiðhöll verður félagsaðstaða og áhorfendastæði, við hana er gert ráð fyrir gerði. Háðæðin norðan við reiðhöll verður ræktuð upp og nýtt sem beitarhólf með skjólgróðri umhverfis. Við reiðhöll er gert ráð fyrir nægum bílastæðum fyrir sýningarsvæði og höll. Stærð reiðhallar getur orðið allt að 1300 m2, mænishæð ákveðist í samráði við byggingarfulltrúann í Dalabyggð.

4.2 BYGGINGAREGLUR:

Heimilt er að reisa hesthús með áfasteri hlöðu. Hesthús skulu vera einnar hæðar úr timbri á steypum sökkli. Vegg hæð 2.4m, mænishæð 3.6 m. Vísað er til almennra ákvæða byggingarreglugerðar varðandi brunavarnir og frágang. Varðandi frágang á taðpróm visast til heilbrigðisreglugerðar og Heilbrigðiseftirlits Vesturlands. Heimilt er að reisa reiðhöll á lóð fyrir reiðhöll. Um byggingu hennar visast til byggingareglugerðar um aðbúnað og frágang. Veitur að og fráveita skulu vera samkvæmt ákvæðum RARIK, Heilbrigðiseftirliti Vesturlands og byggingarfulltrúa Dalabyggðar.

4.3 SÝNINGAVÖLLUR OG SKEIÐVÖLLUR. Vestan undir hæðinni er komið fyrir 250m sýningarvelli með 5m breiðri braut, sem stenst kröfur fyrir íþóttakeppni í hestaíþróttum. Við hlið vallarins er skeiðvöllur með amk. 300 m langri hlaupabraut og 8m breiðri, sem gefur möguleika á 3 hrossum í riðli í spretthlaupum. Í brekku upp frá sýningarvelli er gert ráð fyrir áhorfendabrekku og þar fyrir aftan og ofan bílastæðum.

4.4 REIÐLEIÐIR. Frá svæðinu liggja reiðleiðir út fyrir svæðið. Innan svæðisins gefast margir möguleikar á skemmri reiðleiðahringjum. Kvöð er um snyrtilega umgengni og uppgræðslu á lóðinni, en hún er mjög áberandi við aðalaðkomu að bænum.

5. LÓÐARMÖRK.

Flatarmál svæðisins er um 12 ha. Mörk lóðar, sjá lóðarblað. Norðurhlíð er samsíða við aðkomuleið frá þjóðvegi. Að austan er miðað við línu sem er samsíða núverandi hesthúsabyggð. Suðurmörkin að Laxá, sunnan við og samsíða núverandi hesthúsum og fyrir enda fyrirhugaðs skeiðvallar. Mörk að vestan eru samsíða þjóðvegi ca 80 - 90 m frá miðlínu vegar. Vatnstankar sem lenda inn á lóðinni eru ekki lengur í notkun og verða hluti af svæðinu.



Hluti af östaðfestu aðalskipulagi Dalabyggðar 2004 - 2016 Mkv. 1:15.000

SKÝRINGAR VIÐ DEILISKIPULAG

- DEILISKIPULAGSMÖRK
- LÓÐARMÖRK / HESTAGERÐI
- NÚVERANDI BYGGINGAR
- BYGGINGARREITIR
- NÚVERANDI HESTAGERÐI
- SKÓGRÆKT
- OPIÐ SVÆÐI TIL SÉRSTAKRA NOTA
- REIÐSTIGAR
- BÍLVEGIR
- NÚVERANDI VEGIR
- BÍLASTÆÐI
- SKURÐIR
- VEGHELGUNARSVÆÐI 30 M FRÁ MIÐLÍNU VEGAR

Deiliskipulag þetta var samþykkt af skipulags- og byggingarnefnd Dalabyggðar þann 06.03 2008

Bog. K. Jónsson
Byggingarfulltrúi
Dala- og A-Barðastrandasýslu

Deiliskipulag þetta sem auglýst hefur verið samkvæmt 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.br. var samþykkt í sveitarstjórn Dalabyggðar þann 18.03 2008

Gunnólfur Larusson
SVEITARSTJÓRI
DALABYGGÐAR
Gunnólfur Larusson, sveitarstjóri

BR. DAGS. BREYTING REIKN. TEIKN.

DALABYGGÐ

Móttel 11, 370 Búðardalur
t. 538 1152 f. 538 1212
netfang: dalab@dalab.is



LANDMÓTUN HAMBORG 12 - 200 KÓPAVOGUR - SM: 575 5300 - FAX: 554 5360 - NETFANG: landmoton@landmoton.is

HESTHÚSABYGGÐ
TILLAGA AÐ DEILISKIPULAGI

DEILISKIPULAG - SKÝRINGARUPPDRATTUR	SKIPULAG EESIRIS TEIKNAD. IRS SAMÞYKKT KT.
KVARD11: 2000 VERKNR.	KÓPAVOGUR TEIKN. NR.
3811-SD31	dags. 13.12.2007 BR. D-01